



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA



Fémæti ferðþjónustu

Rannsókn á efnahagslegum áhrifum
ferðþjónustu í Þingeyjarsýslu

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2013

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri
Sími: (+354) 460-8930
Fax: (+354) 460-8919
Rafpóstur: edward@unak.is
Veffang: www.rmfi.is

Titill: Fémæti ferðaðjónustu. Rannsókn á efnahagslegum áhrifum ferðaðjónustu í Þingeyjarsýslu

Höfundur: Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

Kápa: Ásprent-Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála
Prentun: Stell (www.stell.is)

Númer: RMF-S-06-2013
ISBN: 978-9935-437-21-1
ISSN: 1670-8857

Forsíðumynd er af Goðafossi, tekin sumarið 2012. Marco Bellucci ©

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Fémæti ferðapjónustu

Rannsókn á efnahagslegum áhrifum ferðapjónustu í Þingeyjarsýslu

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Myndir og töflur	3
Inngangur	4
Markmið og aðferðir.....	4
Þróun atvinnugreinarinnar	5
Hagræn áhrif ferðaþjónustu	8
Ferðaþjónustureikningar	12
Svæðisbundnir ferðaþjónustureikningar	16
Rannsóknarsvæði	22
Rannsóknaraðferð	24
Ferðaþjónustureikningar.....	24
Bein, óbein og afleidd áhrif ferðaþjónustu	25
Áfangar og árekstrar	28
Lokaorð	30
Heimildir	32

Myndir og töflur

Mynd 1: Fjöldi erlendra ferðamanna 1949-2012.	5
Mynd 2: Hlutfall atvinnugreina í gjaldeyriskjóm þjóðarinnar 1999-2012.....	6
Mynd 3: Töflur ferðþjónustureikninga sem nauðsynlegar eru til að mæla þjóðhagsstærðir.	14
Mynd 4: Meðalhlutfall gistinátta útlendinga eftir landshlutum og árstíma 2003-2012.....	17
Mynd 5: Fjöldi gistinátta útlendinga 2012 eftir landshlutum og árstíðum.	18
Mynd 6: Þróun íbúafjölda á Norðurlandi eystra 1998-2012.....	22
Mynd 7: Rannsóknarsvæði verkefnisins.	23
Mynd 8: Heildaráhrif ferðþjónustu á þjóðarbúskapinn.	25
Tafla 1: Íslensk rannsóknarverkefni á hagrænum áhrifum ferðþjónustu.	8
Tafla 2: Töfluverk ferðþjónustureikninga.....	13
Tafla 3: Ferðþjónustuhlutfall atvinnugreina á Íslandi 2008.....	15
Tafla 4: Gini stuðull gistinátta útlendinga á öllum gististöðum 1998-2012.....	19

Inngangur

Rannsókn á efnahagslegum áhrifum ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu er yfirskrift þriggja ára samstarfsverkefni Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík, Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og Þekkingarnets Þingeyinga. Verkefnið er að stærstum hluta fjármagnað með sérstakri fjárveitingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem veitt var til rannsókna í ferðaþjónustu á árunum 2012-2014 í gegnum Rannsóknamiðstöð ferðamála og er eitt fimm verkefna sem sett voru af stað á þeim grunni. Aðrir hlutar þessa verkefnis eru fjármagnaðir úr Vaxtarsamningi Norðausturlands og af Þekkingarneti Þingeyinga. Í þessari skýrslu verður verkefninu og rannsóknarumhverfinu lýst auk þess sem gerð verður grein fyrir stöðu þess og næstu skrefum.

Markmið og aðferðir

Meginmarkmið rannsóknarinnar er tvíþætt; annars vegar að meta hvernig hægt er að veða bein efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu með hliðsjón af alþjóðlegri forskrift ferðaþjónustureikninga (e. *2008 Tourism Satellite Account – Recommended Methodological Framework*) og hins vegar að meta óbein og afleidd efnahagsleg áhrif með aðferðum aðfanga- og afurðagreiningar (e. *Input–Output model*).

Rannsóknin er unnin samhliða rannsókn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála á þjóðhagslegum áhrifum ferðaþjónustu (sjá Frenç, 2013) og munu niðurstöður þessa verkefnis verða notaðar til samanburðar og staðfestingar á því hvað mögulegt er að heimfæra af þjóðhagslegum stærðum uppá einstök svæði. Aðrar rannsóknir sem tengjast verkefninu eru kannanir á ferðavenjum og ferðaneytlu erlendra ferðamanna sem byggðar eru á spurningakönnunum sem framkvæmdar voru sumarið 2013 í Mývatnssveit og á Húsavík og unnar í samvinnu við Þekkingarnet Þingeyinga, Húsavíkurstofu og Mývatnstofu. Niðurstöður þeirra kannana munu gefa mynd af samsetningu ferðamanna með tilliti til þjóðernis, aldurs, tekna og fleiri þátta auk þess sem þær gefa vísbendingu um neyslu þeirra, dvalarlengd, gisti- og ferðamáta ásamt fleiru.


Auk þessara gagna úr tengdum rannsóknum verður gagna aflað sérstaklega fyrir þetta verkefni með tvennum hætti. Annars vegar með rannsókn á fyrirliggjandi greinum, skýrslum og tölulegum gögnum um efnahagsáhrif ferðaþjónustu í alþjóðlegu samhengi og hins vegar með einstaklingsviðtölum við atvinnurekendur á svæðinu og greiningu ársreikninga þeirra. Rannsóknin byggir á úrtaki sem unnið er úr Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra eftir aðferðum Hagstofunnar við gerð ferðaþjónustureikninga. Heildarfjöldi rekstraraðila í Þingeyjarsýslu sem flokkast í einkennandi og tengdar ferðaþjónustugreinar og sem rannsóknin beinist að (sjá töflu 3) er samtals 205.

Auk viðtala við atvinnurekendur verður rætt við starfsfólk hjá hinu opinbera sem og fólk í klasasamtökum ferðaþjónustunnar í Þingeyjarsýslu. Greining gagna er unnin eftir eigindlegum rannsóknaraðferðum þar sem fyrirliggjandi gögnum og niðurstöðum úr viðtölum er teft saman með það að markmiði að meta heildaráhrif ferðaþjónustunnar í hagrænum skilningi og bera saman við niðurstöður Hagstofunnar á landsvísi.

Verkefnið er nú um það bil hálfnað. Hingað til hefur vinnan að mestu leyti falist í greiningu fyrirliggjandi gagna, en árið 2014 verður helgað öflun frumgagna með viðtölum við ferðaþjónustuaðila sem og aðra tengda aðila. Úrvinnslu og skýrslugerð lýkur samkvæmt áætlun í júní 2015.

Þróun atvinnugreinarinnar

Rekja má sögu ferðalaga á Íslandi aftur til landnámsaldar þó eiginleg ferðamennska og samhliða ferðaþjónusta sé vart talin verða til fyrr en með tilkomu millilandaflugs um miðja síðustu öld. Þau þáttaskil mörkuðu í raun fæðingu atvinnugreinarinnar hér á landi sem vaxandi væntingar hafa æ síðan verið bundnar við (Jóhannesson, Huijbens, & Sharpley, 2010). Frá þeim tíma hefur erlendum ferðamönnum fjölgað stöðugt og síðastliðin tíu ár hafa einkennst af miklum vexti þar sem ferðamannafjöldinn hefur rúmlega tvöfaldast, eða vaxið úr 320 þúsund árið 2003 í 670 þúsund árið 2012 (sjá mynd 1). Þessi aukning er langt umfram það sem þekkist annars staðar en árlegur meðalvöxtur ferðamannafjölda í heiminum er 3,6% borið saman við 9,0% hérlandis á sama tíma¹ (World Tourism Organisation, 2013, Ferðamálastofa, e.d). Áframhaldandi vexti er spáð á Íslandi og í nýrri skýrslu Boston Consulting Group (2013) er áætlaður fjöldi ferðamanna til landsins árið 2023 ein og hálf milljón, sem er rúm tvöföldun á næstu tíu árum.




Mynd 1: Fjöldi erlendra ferðamanna 1949-2012.

Heimild: Ferðamálastofa, e.d.

Samhliða fjölgun gesta hefur velta ferðaþjónustufyrirtækja aukist og var atvinnugreinin árið 2012 orðin önnur mikilvægasta atvinnugrein þjóðarbúsins á eftir sjávarútvegi í öflun gjaldeyrstekna. Það ár voru gjaldeyrstekjur greinarinnar 239 milljarðar króna eða tæp 24% af heildargjaldeyrstekjum þjóðarinnar eins og kemur fram á mynd 2. Hagstofa Íslands gerir í Þjóðhagsspá sinni ráð fyrir áframhaldandi vexti í greininni á meðan reiknað er með samdrætti í sölu sjávarafurða og takmörkuðum vexti í sölu stóriðjuafurða (Hagstofa Íslands, 2013b, bls. 7).

¹ m.v. tímabilið 2005-2012.



Mynd 2: Hlutfall atvinnugreina í gjaldeyristekjum þjóðarinnar 1999-2012.

Heimild: Byggt á: Hagstofa Íslands, e.d.b, e.d.c, e.d.d

Af myndum 1 og 2 að dæma hefur ferðapjónustan skipað sér mikilvægan sess í gjaldeyrisöflun og atvinnusköpun þjóðarinnar auk þess að vera eitt helsta mótvægi í samdrætti á öðrum sviðum atvinnulífsins, sér í lagi frumvinnslugreinum á landsbyggðinni s.s. sjávarútvegi, fiskvinnslu og landbúnaði.

Hagræn áhrif ferðaþjónustu

Talsverð umræða hefur átt sér stað síðustu ár um mikilvægi rannsókna í ferðaþjónustu og þá sérstaklega hagrænum áhrifum hennar (Ásgeir Jónsson, Njáll Trausti Friðbertsson og Þórhallur Ásbjörnsson, 2006; Edward H. Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, 2013; Ferðamálastofa, 2011 og 2013; Gunnar Þór Jóhannesson, 2012; Rósbjörg Jónsdóttir, 2013; Samtök ferðaþjónustunnar, 2012). Þörf er á rannsóknum sem byggja á alþjóðlegum stöðlum og gera okkur kleift að meta stöðu atvinnugreinarinnar á Íslandi í samanburði við önnur lönd.

Einnig hefur verið bent á mikilvægi svæðisbundinnar fyrirtækjatölfræði svo hægt sé að meta þróun ferðaþjónustu og arðsemi hennar eftir starfsemi og landshlutum (Ferðamálastofa, 2013).

Takmarkaðar fjárveitingar til rannsókna og gagnaskortur hafa reynst erfiðar hindranir í þessum efnum, en einnig hefur eðli atvinnugreinarinnar gert mönnum erfitt fyrir þar sem ferðaþjónusta er bæði flókin og margþætt atvinnugrein. Hún hefur ekki verið skilgreind sérstaklega sem atvinnugrein í þjóðhagsreikningum, heldur dreifist umfang hennar á aðra liði þeirra (Hagstofa Íslands, 2008; Rósbjörg Jónsdóttir, 2013; Smeral, 2006). Segja má að ferðaþjónusta tilheyri öllum atvinnugreinum sem eiga viðskipti við ferðamenn með einum eða öðrum hætti. Þjónusta við ferðafólk getur þannig verið hluti af starfsemi fyrirtækja og bæst við önnur umsvif fyrirtækis, en þó að mis miklu leyti. Áskorunin liggur því í því að draga skörp skil á milli þess hvað telst til ferðaþjónustu og hvað telst til þjónustu við aðra viðskiptahópa (Hagstofa Íslands, 2008).

Í almennri hagskýrslugerð er atvinnustarfsemi flokkuð eftir framleiðslu og afurðum en í ferðaþjónustu er því öfugt farið þar sem mælingin byggist á því hver það er sem kaupir (Hagstofa Íslands, 2010; Oxford Economics, 2012). Útgjöld og neysla ferðamanna á þjónustu frá ólíkum atvinnugreinum er metin og lögð saman í sérstökum hliðarreikningum við þjóðhagsreikninga, svokölluðum ferðaþjónustureikningum (e. *tourism satellite accounts*). Þessir reikningar voru fyrst gefnir út á Íslandi árið 2008 og náðu þá aftur til ársins 2000. Hagstofa Íslands hefur í þriggja árgang gefið út ferðaþjónustureikninga fyrir landið (Hagstofa Íslands, 2008, 2010, 2011). Síðasta útgáfan er frá því í desember 2011, en tölulegar upplýsingar eru þó færast nýrri en frá 2009. Gerð ferðaþjónustureikninga hefur legið niðri síðan, en Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (2013) hefur nú hafið viðræður við Hagstofuna um hagtölugerð fyrir atvinnulífið í heild þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi útgáfu ferðaþjónustureikninga.

Útgáfa Hagstofunnar á ferðaþjónustureikningunum er mikilvægur áfangi í rannsóknarvinnu á efnahagslegum áhrifum ferðaþjónustu en nokkur framför hefur þar að auki átt sér stað víðar m.a. vegna aukinna fjárframlaga íslenskra stjórnvalda til rannsóknarvinnu í ferðamálaum sem og þátttöku hins opinbera í stefnumótandi aðgerðum innan ferðaþjónustunnar (Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, 2008; Rannsóknamiðstöð ferðamála, 2012; Samgönguráðuneytið, 2005). Á töflu 1 má sjá samantekt á helstu rannsóknarverkefnum sem unnin hafa verið í tengslum við hagræn áhrif ferðaþjónustu á Íslandi síðastliðin 10 ár.

Tafla 1: Íslensk rannsóknarverkefni á hagrænum áhrifum ferðaþjónustu.

Rannsóknarverkefni	Heimild
Virðisauki í ferðaþjónustu: Kortlagning og samstarfsmótun	Rósbjörg Jónsdóttir (2013)
Skýrsla atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra um stöðu ferðaþjónustunnar	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (2013)

Rannsóknarverkefni	Heimild
Northern Sights: The future of tourism in Iceland	The Boston Consulting Group (2013)
Ferðaþjónustan: Atvinnugrein á unglingsaldri	Arion banki (2013)
Ferðaþjónusta á Íslandi: Greining Hagfræðideildar Landsbanka Íslands	Landsbanki Íslands (2013)
The economic impact of hunting reindeer in East Iceland	Stefán Sigurðsson (2012)
Ferðaþjónusta á Íslandi: Þróun fjárfestingar og reksturs	Landsbanki Íslands (2012)
Millilandaflug um Akureyrarflugvöll: Könnun meðal brottfararfarþega sumarið 2012	Eyrún J. Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens (2012)
Áhrif þess að hækka virðisaukaskatt á gistiþjónustu.	Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2012)
Íslensk ferðaþjónusta á afslætti?	Arion banki (2012)
Fjölgar kreppan krónum? Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu á Húsavík við breyttar samfélagsaðstæður	Andri Valur Ívarsson og Óli Halldórsson (2011)
Hagvísar í ferðaþjónustu. Gjaldeyrstekjur - ferðaneysla	Edward Huijbens og Jón Gestur Helgason (2011a)
Millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Könnun meðal brottfararfarþega Iceland Express sumarið 2011	Edward H. Huijbens og Jón Gestur Helgason (2011b)
Áhrif tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu á komur erlendra ferðamanna	Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2011)
Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina	Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young (2011)
Millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Könnun meðal brottfararfarþega Iceland Express sumarið 2010	Eyrún J. Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens (2011)
Efnahagsleg áhrif skotveiða á Íslandi	Jón Þ. Heiðarsson og Stefán Sigurðsson (2010)
Millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Könnun meðal brottfararfarþega Iceland Express sumarið 2009	Eyrún J. Bjarnadóttir og Jón Gestur Helgason (2010)
Hagvísir Vesturlands. Staða ferðaþjónustu á Vesturlandi	Torfi Jóhannesson (2009)
Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu á Húsavík. Tilkoma hvalaskoðunar	Rannveig Guðmundsdóttir og Andri Valur Ívarsson (2008)
Samánburður á rekstrarumhverfi ferðaþjónustu á Íslandi, Noregi, Svíþjóð og Danmörku	Samgönguráðuneytið (2007)
Hagræn áhrif ferðaþjónustu. Greint eftir svæðum á Íslandi	Ásgeir Jónsson, Njáll Trausti Friðbertsson, og Þórhallur Ásbjörnsson (2006)
Áhrif raungengis á ferðaþjónustu	Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2006)
Að græða á gestakomum: Þjóðhagslegur ábati ferðaþjónustu og hlutverk ríkisins	Ásgeir Jónsson (2004)
Lax- og silungsveiði á Íslandi. Efnahagsleg áhrif	Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2004)
Flug- og ferðaþjónusta á Íslandi: Umfjöllun í tilefni af beiðni Ryanair um lækkuð gjalda á Keflavíkurlugvelli	Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2004)

Ofangreind rannsóknarverkefni eru unnin af ýmsum aðilum og eftir margvíslegum aðferðum. Til viðbótar þessum lista má nefna árlega útgáfu Ferðamálastofu á „Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum“ þar sem helstu tölulegar staðreyndir um íslenska ferðaþjónustu eru settar fram í myndrænu formi. Einnig eru gistináttaskýrslur Hagstofunnar gefnar út árlega og þrisvar sinnum hafa ferðaþjónustureikningar Hagstofunnar verið gefnir út eins og áður var sagt. Aðrar smærri útgáfur eru t.a.m. Hagsjá Landsbankans, Markaðspunktur Arion banka og Morgunkorn Íslandsbanka. Fæst þessara verkefna byggja á alþjóðlegum stöðlum og enn síður forskrift ferðaþjónustureikninga Hagstofunnar. Skýrsluhöfundur hefur ekki fundið neina íslenska rannsókn á svæðisbundnum hagrænum áhrifum ferðaþjónustu á landsbyggðinni sem byggir á aðferðafræði hliðarreikninga svo nýnæmi þessa verkefnis mun því að einhverju leyti felast í þróun aðferðar við gagnaöflun og úrvinnslu.

Ferðapjónustureikningar

Eins og fram hefur komið hefur Hagstofan í þrígang gefið út sérstaka hliðarreikninga við þjóðhagsreikninga, s.k. ferðapjónustureikninga. Með þeim gefst kostur á að mæla beint framlag ferðapjónustunnar til þjóðarbúsins. Reikningarnir byggja á grunnkerfi þjóðhagsreikninga (e. *System of National Accounts*) (Dwyer, Forsyth, & Spurr, 2004; Eurostat, 2011; Frechtling & Smeral, 2010; Zhou, Yanagida, Chakravorty, og Leung, 1997) og eru unnir eftir alþjóðlegri forskrift ferðapjónustureikninga. Tveimur meginritum er fylgt í því tilliti:

1. 2008 Tourism Satellite Account – Recommended Methodological Framework (TSA:RMF 2008)
2. 2008 International Recommendations for Tourism Statistics (IRTS 2008) (United Nations, 2010a; 2010b).

Þessi rit eru gefin sameiginlega út af Efnahags og framfarastofnuninni (OECD), Hagstofu Sameinuðu Þjóðanna (UNSD), Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) og Alþjóðaferðamálasamtökum Sameinuðu Þjóðanna (UNWTO).

Megintilgangur ferðapjónustureikninga er að greina ítarlega alla þætti eftirspurnar eftir vörum og þjónustu sem tengjast ferðamennsku sem og að kanna hver tengsl eftirspurnarinnar eru við framboð þessara vara og þjónustu innan hagkerfisins auk þess að lýsa samspili framboðsins við aðrar tegundir atvinnustarfsemi (United Nations, 2010b, bls. iii). Í grunninn byggja reikningarnir á samspili 10 taflna sem gerðar eru til samræmis við sk. uppruna- og ráðstöfunartöflur (e. *supply and use tables*) þjóðhagsreikninga (United Nations, 2010b, bls. 31). Tafla 2 tekur saman yfirlit yfir þessar töflur.

Tafla 2: Töfluverk ferðaþjónustureikninga.

Heimild: Hagstofa Íslands, 2008, bls. 17; United Nations, 2010b, bls. 37-44

Tafla 1	Neysla erlendra ferðamanna innanlands (e. <i>inbound tourism expenditure by products and categories of visitors</i>)
Tafla 2	Neysla innlendra ferðamanna innanlands (e. <i>domestic tourism expenditure by products, by types of trips and categories of visitors</i>)
Tafla 3	Neysla innlendra ferðamanna erlendis (e. <i>outbound tourism expenditure by products, by types of trips and categories of visitors</i>)
Tafla 4	Ferðaneysla innanlands alls (e. <i>internal tourism consumption by products and types of items</i>)
Tafla 5	Heildarframboð í ferðatengdum atvinnugreinum (e. <i>production accounts of tourism industries and other industries</i>)
Tafla 6	Ferðaþjónustuhlutfall (e. <i>domestic supply and internal tourism consumption by products</i>)
Tafla 7	Störf í ferðaþjónustu (e. <i>employment in the tourism industries</i>)
Tafla 8	Fjárfesting í ferðaþjónustu (e. <i>tourism gross fixed capital formation of tourism industries and other industries</i>)
Tafla 9	Ferðaþjónusta og stjórnsýsla (e. <i>tourism collective consumption by CPC products and levels of government</i>)
Tafla 10	Aðrar vísbendingar í ferðaþjónustu (e. <i>non-monetary indicators</i>)

Töflur 1-4 snúa að eftirspurnarhlíð ferðaþjónustunnar þar sem neysla ferðamanna er mæld frá ýmsum sjónarhornum og flokkuð eftir þáttum eins og heimilisfesti ferðamanna. Um getur verið að ræða einkaneyslu eða aðfangakaup og ferðamaðurinn getur ýmist verið fulltrúi heimilis, hins opinbera, fyrirtækis eða velferðarsamtaka (Hagstofa Íslands, 2008; United Nations, 2010b, bls. 37-39). Við gerð þessara taflna notaðist Hagstofan við ýmsar kannanir, s.s. rannsóknir á útgjöldum heimilanna, samræmt skattframtal rekstraraðila, gistináttaskýrslur, könnun á ferðavenjum erlendra ferðamanna á Íslandi o.fl. Þar sem ekki liggja fyrir jafn umfangsmiklar kannanir á Íslandi og í þeim löndum sem komin eru hvað lengst í gerð ferðaþjónustureikninga, þurfti að áætla stærðir í mörgum tilvikum út frá ofangreindum könnunum við gerð ferðaþjónustureikninga hérlendis (Hagstofa Íslands, 2008).

Töflur 5-6 ná yfir framboðshlíð ferðaþjónustunnar, en þar er lögð áhersla á vörur og þjónustu sem helstu atvinnugreinar ferðaþjónustunnar framleiða eða selja. Upplýsingarnar í þessum töflum eru m.a. byggðar á samræmdu skattframtali rekstraraðila og virðisaukaskattskýrslum Ríkisskattstjóra (Hagstofa Íslands, 2008; United Nations, 2010b, bls. 39-40).


Í töflu 7 er tilgreindur starfsmannafjöldi í ferðaþjónustu en erfitt getur verið að greina hann sökum árstíðasveiflna í atvinnugreininni og í einhverjum tilfellum óformlegra samninga hjá smærri rekstraraðilum sem og svartri atvinnustarfsemi (United Nations, 2010b, bls. 42). Tölfræði um störf og vinnutíma eftir atvinnugreinum er ekki fyrir hendi hér á landi svo þær upplýsingar sem birtar hafa verið um vinnuafl í ferðaþjónustu byggja á upplýsingum úr staðgreiðsluskrám Ríkisskattstjóra (Hagstofa Íslands, 2008).

Tafla 8 snýr að fjárfestingu í ferðaþjónustu, en hún hefur ekki verið unnin í ferðaþjónustureikningunum hér á landi hingað til. Upplýsingar um fjárfestingu í ferðaþjónustu eru afar mikilvægar, ekki síst vegna umræðu um aukna fjárfestingu í greininni hérlandis næstu ár.

Tafla 9 greinir samneyslu hins opinbera í ferðaþjónustu (Hagstofa Íslands, 2008; United Nations, 2010b, bls. 44). Þessi tafla hefur ekki verið unnin sérstaklega í ferðaþjónustureikningunum hérlandis, en mikilvægt er að leggja mat á aðkomu hins opinbera að greininni. Framlag skattgreiðenda til greinarinnar, framboð menntunar í ferðaþjónustu, laga- og reglugerðumhverfi greinarinnar, staða upplýsinga- og kynningarmála, útgjöld hins opinbera til öryggismála á ferðamannastöðum og fleiri þætti væri mikilvægt að taka saman og meta.

Í töflu 10 eru tilgreindar vísbendingar sem hafa ekki peningalegt gildi en skipta máli við mat á ferðaþjónustu. Dæmi um það er talning á fjölda ferðamanna sem heimsækja landið og gistinátta þeirra, en Hagstofan hefur tekið tillit til þessara þátta í útreikningum sínum (United Nations, 2010b, bls. 44). Hvað varðar töflur 7 og 9 sérstaklega eru bundnar vonir við að þær verði til svo ferðaþjónusta geti staðið jafnfætis öðrum atvinnugreinum varðandi skýrslugerð um atvinnuvegi hérlandis.

Mynd 3 sýnir samspil sex af þessum tíu töflum sem nauðsynlegar eru til að meta umfang atvinnugreinarinnar. Töflur 1, 2, 4 og 5 liggja til grundvallar því að hægt sé að reikna út töflu 6, sem jafnan er talin vera kjarninn í ferðaþjónustureikningunum. Í þeirri töflu er lagt mat á hlutfall ferðaþjónustu af öðrum atvinnugreinum, svokallað ferðaþjónustuhlutfall sem sýnir þann virðisauka er stafar af gestakomum fyrir hverja þá atvinnugrein sem talin er (Frechtling, 2010).



Mynd 3: Töflur ferðaþjónustureikninga sem nauðsynlegar eru til að mæla þjóðhagsstærðir. Heimild: Frechtling, 2010, bls. 142

Mynd 3 lýsir ferðapjónustuhagkerfi ákveðins lands og skýrir m.a. hvernig framboð og eftirspurn eftir ferðapjónustu mætast í töflu 6 sem skapar sk. ferðapjónustuhlutfall atvinnugreina. Þetta hlutfall er undirstöðustærð. Miklu skiptir að skilja í samhengi hvers lands og svæðis hvað þetta hlutfall er og hvernig það er ólíkt eftir atvinnugreinum.

Atvinnugreinarnar sem þetta hlutfall er svo heimfært uppá eru flokkaðar í ferðapjónustureikningunum eftir því hve mikið af umsvifum innan hvernar greinar megi ætla að stafi frá þjónustu við ferðafólk. Atvinnugreinar sem vega þungt í ferðapjónustu, það er hafa mest af sínum umsvifum af þjónustu við gesti, s.s. gisti- og veitingapjónusta eða farþegaflutningar, eru kallaðar *einkennandi ferðapjónustugreinar* (e. *tourism characteristic activities*). Greinar sem snúa að afþreyingu, menningarstarfsemi, sölu á eldsneyti, verslun tengdri ferðapjónustu o.fl. falla undir flokkinn *aðrar tengdar ferðapjónustugreinar* (Hagstofa Íslands, 2008). Í töflu 3 er sýnt hvaða hlutföll voru notuð í útreikningum á heildarframleiðsluvirði atvinnugreinarinnar árið 2010, sem náði þá yfir árin 2000-2008.

Tafla 3: Ferðapjónustuhlutfall atvinnugreina á Íslandi 2008.

Heimild: Hagstofa Íslands, 2010, bls. 27

Einkennandi ferðapjónustu atvinnugreinar	Ferðapjónustu hlutfall
1. Gistipjónusta	98,9%
1.1 Hótelgisting	98,7%
1.2 Önnur gistipjónusta	99,1%
2. Veitingapjónusta	33,1%
3. Farþegaflutningar	48,3%
3.1 Farþegaflutningar á landi	34,8%
3.2 Farþegaflutningar á sjó	2,7%
3.3 Farþegaflutningar með flugi	62,7%
3.4 Leiga flutningatækja, bílaleiga o.fl.	91,5%
4. Ferðaskrifstofur	100,0%
Ferðapjónustutengdar atvinnugreinar	Ferðapjónustu hlutfall
5. Smásala bensíns, viðgerðir og viðhald bifreiða	24,4%
6. Önnur þjónusta tengd farþegaflutningum	31,8%
7. Menningarstarfsemi	21,0%
8. Afþreying og tómstundastarfsemi	32,5%
9. Ýmis önnur þjónusta við ferðamenn	11,9%
10. Ýmis verslun tengd ferðapjónustu	10,0%

Það er ljóst að útgáfa ferðapjónustureikninga Hagstofunnar hefur skipt sköpum í mati á hagrænum áhrifum atvinnugreinarinnar á Íslandi. Mikil vinna hefur verið lögð í að nálgast upplýsingar sem byggja má útreikninga á. Vegna skorts á rannsóknum og könnunum í ferðapjónustu á Íslandi, sem afla gagna eftir alþjóðlegum stöðlum hefur ekki verið til talnaefni í heildstæða ferðapjónustureikninga eins og lagt er upp með í alþjóðlegum forskriftum (Hagstofa Íslands, 2008).


Svæðisbundnir ferðaþjónustureikningar

Vægi ferðaþjónustu er misjafnt eftir landsvæðum. Mismunur á framboði og eftirspurn ferðaþjónustu milli svæða skapar nauðsyn á mælingum á atvinnugreininni sem tryggir gæði ákvarðanatöku ferðaþjónustuaðila og opinberra aðila og er í raun ein meginforsendan fyrir því að hægt sé að byggja upp atvinnugreinina og fjárfesta í henni með markvissum og skynsamlegum hætti (Ferðamálastofa, 2013; Jones, Munday, & Roberts, 2003; United Nations, 2010b). Gæta þarf samhæfingar og samfellu í slíkum mælingum bæði á landsvísu og á einstökum svæðum (United Nations, 2010b).

Svæðisbundnir ferðaþjónustureikningar (e. *regional tourism satellite accounts*) hafa verið gefnir út víða í Evrópu og byggja í grunninn á sömu aðferðum og almennir ferðaþjónustureikningar. Í þeim löndum sem þeir hafa verið gerðir hafa þeir nýst við ákvarðanatöku í ferðaþjónustu, en einnig við uppbyggingu og skipulagningu svæða, byggðapróunarverkefni og auðlindastjórnun (United Nations, 2010b).

Með svæðisbundnum ferðaþjónustureikningum má greina áhrif ferðaþjónustu á hagkerfi valinna landsvæða og bera saman við heildaráhrif atvinnugreinarinnar á þjóðarbúskapinn. Samkvæmt *Tourism Satellite Account: Recommended Methodological Framework* (TSA:RMF 2008) eru tvær leiðir mögulegar til að leggja mat á vægi svæðisbundinnar ferðaþjónustu: Annars vegar svokölluð víxlsvæðanálgun (e. *interregional approach*) sem felur í sér að sömu aðferð er beitt á öllum svæðum og er þessi aðferð því stundum kölluð „top-down“ nálgunin. Hins vegar er svæðisbundin nálgun (e. *regional approach*) sem þýðir að þróa þarf sérstaka aðferð fyrir hvert svæði, og hefur hún því verið kölluð „bottom-up“ nálgunin (United Nations, 2010b). Fyrri aðferðin hentar ekki á Íslandi þar sem hún krefst þess að hægt sé að keyra út úr kerfum þjóðhagsreikninga sambærilegar upplýsingar fyrir hvert svæði og vinna svæðisbundna ferðaþjónustureikninga upp úr þeim. Þar sem það er ekki mögulegt hérlendis verður að nota seinni nálgunina og vinna gagnaöflun frá grunni. Þessar aðferðir eru ekki gallalausar. Ekki er hægt að heimfæra allar breytur í ferðaþjónustureikningunum yfir í svæðisbundna reikninga. Að auki getur reynst erfitt að meta hlut ferðaskrifstofa, samgöngufyrirtækja og fleiri aðila sem hafa starfssvæði í fleiri en einum landshluta. Einnig er erfiðara að rekja ferðir fólks á milli landsvæða en á milli landa þar sem eftirlit og vegabréfaskoðun er ekki til staðar. Mestu takmarkanirnar eru þó eftirspurnarmegin þar sem erfitt getur verið að skilgreina hluti eins og tilgang ferðar, tegund ferðamennsku, hversdagsumhverfi og fleiri þætti sem nauðsynlegir eru til að vinna greininguna (United Nations, 2010b). Engu að síður er mikilvægt að hefja þróun á svæðisbundnum ferðaþjónustureikningum hérlendis og er það verkefni sem hér er lýst innlegg inn í þá vinnu.

Líkt og þjóðhagslegir ferðaþjónustureikningar byggja svæðisbundnir ferðaþjónustureikningar á reiknuðu vægi ferðaþjónustu í hinum ýmsu atvinnugreinum. Ljóst er að það getur verið misjafnt eftir ólíkum svæðum, sem ræðst meðal annars af því hversu vinsæl svæðin eru hjá ferðafólki og hve margir heimamenn eru þar fyrir. Sem dæmi má nefna þá geta veitingastaðir í Mývatnssveit sem opnir eru hluta úr ári varla verið með sama ferðaþjónustuhlutfall og veitingastaðir á höfuðborgarsvæðinu sem opnir eru allt árið. Til að skýra nánar þessi nokkuð augljósu sannindi má sjá á mynd 4 hvernig hlutfall gistinátta dreifist eftir landshlutum og árstíma. Glögglega má sjá hve hlutfall höfuðborgarsvæðisins er langtum meira yfir vetrartímamann en sumartímamann. Að sama skapi er hlutfallið á Norðausturlandi fjórum sinnum hærra yfir sumartímamann en yfir vetrartímamann. Þessi mynd er því nokkuð lýsandi fyrir það ójafnvægi sem ríkir milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar í gestafjölda eftir árstíðum.




Mynd 4: Meðalhluftfall gistinguútlendinga eftir landshlutum og árstíma 2003-2012.
 Heimild: Byggt á Hagstofa Íslands, e.d.a; Landmælingar Íslands, 2013

Heildarfjöldi gistinguútlendinga á Íslandi árið 2012 var 3.738.511. Þar af voru gistinguútlendingar 2.888.951 (Hagstofa Íslands, 2013a). Þegar rýnt er betur í fjölda gistinguútlendinga má sjá á mynd 5 hvernig hlutfall þeirra dreifist um landið eftir árstíðum og landshlutum í magntölum. Árstíðirnar eru skilgreindar á eftirfarandi hátt (Ferðamálastofa, 2011):

- Vor: apríl og maí
- Sumar: júní, júlí og ágúst
- Haust: september og október
- Vetur: nóvember, desember, janúar, febrúar og mars

Glöggst má sjá hve árstíðasveiflan er mikil á landsbyggðinni, en um 80% af heildargistinguútlendinga á sér yfirleitt stað þar yfir sumarmánuðina á meðan sama tala er einungis 40% á höfuðborgarsvæðinu árið 2012.



Mynd 5: Fjöldi gistinguútlendinga 2012 eftir landshlutum og árstíðum.
 Heimild: Hagstofa Íslands, 2013a

Til að sýna þetta með eilítið öðrum hætti og með áreiðanlegri reikningsaðferðum hefur Rannsóknamiðstöð ferðamála notað sk. Gini stuðul við útreikninga á dreifingu gistinátta yfir mánuði ársins eftir mismunandi svæðum. Stuðullinn, sem reiknaður er á bilinu 0-1, sýnir hve jöfn dreifing er, í þessu tilfalli eftir mánuðum. Þannig stendur 0 fyrir alveg jafna dreifingu gistinátta á alla mánuði ársins. Eftir því sem stuðullinn hækkar er gistináttadreifingin ójafnari og við gildið 1 eru allar gistinætur ársins á einum mánuði. Þrátt fyrir stöðugt vaxandi ferðamannafjölda til landsins þróast dreifing gistinátta hægt í rétta átt. Á töflu 4 má sjá útreikninga Rannsóknamiðstöðvar ferðamála á Gini stuðlinum á árabílinu 1998-2012.

Tafla 4: Gini stuðull gistinátta útlendinga á öllum gístistöðum 1998-2012.

Heimild: Edward Huijbens, tölvupóstur 12.12.2013

	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
1998	0,32	0,44	0,66	0,75	0,78	0,75	0,77	0,72
1999	0,29	0,49	0,70	0,74	0,77	0,74	0,76	0,73
2000	0,28	0,46	0,71	0,75	0,77	0,73	0,76	0,72
2001	0,25	0,36	0,68	0,74	0,76	0,71	0,75	0,72
2002	0,27	0,44	0,70	0,73	0,76	0,73	0,73	0,71
2003	0,27	0,42	0,70	0,74	0,74	0,73	0,73	0,68
2004	0,28	0,41	0,69	0,75	0,75	0,73	0,72	0,68
2005	0,29	0,44	0,65	0,74	0,74	0,72	0,73	0,66
2006	0,27	0,43	0,65	0,71	0,73	0,70	0,69	0,67
2007	0,26	0,42	0,66	0,69	0,75	0,70	0,68	0,66
2008	0,24	0,44	0,65	0,70	0,74	0,71	0,70	0,65
2009	0,27	0,43	0,68	0,70	0,71	0,72	0,71	0,65
2010	0,26	0,43	0,69	0,71	0,71	0,70	0,71	0,62
2011	0,26	0,44	0,66	0,71	0,71	0,70	0,68	0,62
2012	0,20	0,39	0,64	0,66	0,71	0,64	0,67	0,59
Meðaltal	0,27	0,43	0,67	0,72	0,74	0,71	0,72	0,67

Áherslur Ferðamálastofu og stjórnvalda á lengingu ferðamannatímabilsins og jafnari dreifingu ferðamanna um landið hafa verið áberandi í umræðunni undanfarið, auk þess sem bent hefur verið á mikilvægi þess að stilla saman byggðastefnu, arðsemi og náttúruvernd við ofangreinda þætti, m.a. með markvissri uppbyggingu áfangastaða og öflugri vöruþróun og kynningarstarfi (Ásgeir Jónsson, 2004; Ferðamálastofa, 2011). Útgáfa svæðisbundinna ferðaþjónustureikninga getur tekið á þessum atriðum heildstætt. En eins og fram kom hér að framan er útgáfa þeirra flókin í framkvæmd af ýmsum ástæðum. Á Íslandi getur verið erfitt að ná utan um hvað telst til atvinnu- og/eða ferðaþjónustusvæðis. Með því er átt við hvar draga skuli mörk hinna svæðisbundnu hagkerfa sem greina skal og hafa arð af ferðaþjónustu. Ýmsar stofnanir og félög hafa skipt landinu eftir svæðum. Sem dæmi má nefna eru til í dag sk. vinnusóknarsvæði Byggðastofnunar, hagskýrslu- og gistináttasvæði Hagstofunnar, ferðaþjónustusvæði Ferðamálastofu, markaðssvæði markaðstofa landshlutanna og landsvæðaskipting Sóknaráætlunar 20/20 (Byggðastofnun, 2012; Ferðamálaráð Íslands, 2002; Hagstofa Íslands, 2013a; Ómar Harðarson og Jórunn Íris Sindradóttir, 2012). Öll nema tvö (ferðaþjónustusvæðin og vinnusóknarsvæðin) byggja hinsvegar á skiptingu Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) sem aftur byggir á kjördæmaskipan frá 1959 (Kjördæmaskipan 1959-1999, e.d.; Samband íslenskra sveitarfélaga, e.d.).

Auk þess vanda sem við blasir við að ákveða hvað telst vera það svæði sem ferðaþjónustureikningarnir skulu ná til ber einnig að hafa í huga að nokkur stærri fyrirtæki í ferðaþjónustu, s.s. hótél, ferðaskrifstofur og afþreyingarfyrirtæki geta haft talsverða veltu á mörgum landsvæðum en skila ársreikningum án svæðisbundinnar sundurliðunar og mögulega allt


eyrnamerkt höfuðstöðvum, hvar svo þær er að finna. Það sem einkum þarf því að huga að við gerð svæðisbundinna ferðaþjónustureikninga er þrennt:

- a) við hvaða svæði er átt,
- b) hvaða fyrirtæki er þar að finna sem hafa umsvif á svæðinu og hvar þau skrá sína veltu,
- c) hvaða hlutfall af veltu þessara fyrirtækja er hægt að rekja til ferðaþjónustu á þessu svæði.

Þannig getur því verið talsverð handavinna að útbúa svæðisbundna ferðaþjónustureikninga gegnum hina svæðisbundnu nálgun og á Íslandi þarf í mörgum tilvikum að nálgast tölur frá fyrstu hendi þar sem þær eru ekki aðgengilegar hjá opinberum aðilum. Engu að síður eru slíkir reikningar mikilvægir þar sem þeir gefa vísbendingar um stöðu atvinnugreinarinnar eftir landsvæðum og hverju staðbundin markaðsátök og fjárfestingar í greininni skila í raun (United Nations, 2010b).

Rannsóknarsvæði

Í kaflanum hér að framan voru nefnd nokkur dæmi um landsvæðaskiptingu á Íslandi þar sem í flestum tilvikum er um að ræða átta landshluta samkvæmt skiptingu SÍS. Rannsóknarsvæðið í verkefninu tilheyrir Norðausturlandi sem nær frá Tröllaskaga í vestri til Bakkafjarðar í austri. Norðausturland samanstendur af 13 sveitarfélögum sem teljast til Eyþings, Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Á ýmsum sviðum stjórnsýslu og þjónustu er svæðinu skipt í tvennt, annars vegar Eyjafjarðarsvæði með 7 sveitarfélög og 24.165 íbúa og hins vegar Austursvæði (Þingeyjarsýslu) með 6 sveitarfélög og 4.853 íbúa. Aðstæður og byggðaþróun á þessum tveimur svæðum hafa verið með nokkuð ólíkum hætti auk þess sem þéttleiki byggðar er töluvert meiri á Eyjafjarðarsvæðinu (5,7 íbúar á hvern ferkílómeter á móti 0,3 íbúum á Austursvæðinu). Mannfjöldaþróun (mynd 6) hefur verið neikvæð á Austursvæðinu þar sem íbúum hefur fækkað um tæp 18% síðustu 15 ár á móti fjölgun um 7% á Eyjafjarðarsvæðinu (Byggðastofnun, 2012; Eyþing, e.d.; Óli Halldórsson, 2013).



Mynd 6: Þróun íbúafjölda á Norðurlandi eystra 1998-2012.


Heimild: Byggðastofnun, 2012

Þróun atvinnulífs hefur verið nokkuð stöðug á Eyjafjarðarsvæðinu undanfarin ár á meðan atvinnulíf í Þingeyjarsýslu hefur einkennst af samdrætti sem leitt hefur til brottflutnings af svæðinu. Störfum í fiskvinnslu hefur fækkað sem og í mjólkurvinnslu, kísilgúrvinnslu, verslun og annarri þjónustu, m.a. hjá hinu opinbera (Byggðastofnun, 2009). Það var því ótvírætt mótvægi þegar ferðaþjónustan tók kipp sem varð til þess að ný fyrirtæki spruttu upp með nýjum störfum.

Í þessu verkefni er horft til austursvæðisins og Þingeyjarsýsla valin sem rannsóknarsvæði. Er það m.a. gert á grunni þess munar sem blasir við á milli svæðanna tveggja, einnig vegna þeirra hræringa sem orðið hafa í atvinnulífinu á svæðinu undanfarin ár, s.s. með framangreindum samdrætti í frumvinnslugreinum á sama tíma og miklar framtíðarvæntingar eru bundnar við ferðaþjónustu á svæðinu. Einnig skiptir sérstaða og saga Þingeyjarsýslu sem ferðamannasvæðis

máli, þar sem Mývatn hefur löngum verið öflugur segull (Margrét Hólm Valsdóttir, 2011) og umfang hvalaskoðunar er orðið verulegt á Húsavík.

Sveitarfélögin sex sem rannsóknin nær þá yfir eru sýnd á mynd 7 og eru: Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð, eða Austursvæðið allt eins og það er skilgreint í Sökunaráætlun Norðurlands eystra (Byggðastofnun, 2012).



Mynd 7: Rannsóknarsvæði verkefnisins.

Heimild: Sýslumannavefurinn, e.d.

Þingeyjarsýsla og sér í lagi Mývatnssveit eiga sér langa sögu í ferðaþjónustu enda skarta svæðin mörgum af fjölsóttustu náttúruperlum landsins, sem mörg eru nú innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Auk hins hefðbundna aðdráttarafls náttúruvegurðar hafa sprottið upp afþreyingarfyrirtæki á síðari árum sem hafa aukið aðsókn ferðamanna enn frekar. Þessi fyrirtæki hafa skapað þjónustu um og gert að aðdráttarafli hvalaskoðun, fuglaskoðun, gönguferðir, jeppaferðir og jarðböð. Nýjast í þessu úrvali afþreyingar og þjónustu er áhersla á ferðir að vetri til þar sem ferðamenn geta tekið þátt í vetrarsporti af ýmsu tagi, séð norðurljósinn eða jafnvel heimsótt jólasveinana í Dimmuborgum á aðventunni. Árlegur fjöldi allra ferðamanna í Þingeyjarsýslu er talinn vera á bilinu 200-300 þúsund þrátt fyrir stutt ferðamannatímabil, þó erfitt sé að henda reiður á þessum fjölda. Vísbendingar liggja þó hjá helstu afþreyingarfyrirtækjum. Gert er ráð fyrir yfir 60 þúsund gestum í hvalaskoðun árið 2013 auk þess sem gestafjöldi Jarðbaðanna í Mývatnssveit fór yfir 100.000 sama ár, þar af voru um 75 þúsund erlendir gestir.

Áhrifa ferðamanna gæti víða um hagkerfi sýslunnar þar sem þeir nýta sér ýmsa þjónustupætti, hvort sem þeir eru einkennandi ferðaþjónustugreinar eða aðrar atvinnugreinar tengdar ferðaþjónustu.

Rannsóknaraðferð

Rannsóknaraðferðin í verkefninu verður tvíþætt. Í fyrsta lagi verður leitast við að spegla ferðþjónustureikninga Hagstofunnar í staðbundnu hagkerfi Þingeyjarsýslu eftir alþjóðlegri forskrift ferðþjónustureikninga. Í öðru lagi verður lagt mat á hver óbein og afleidd áhrif ferðþjónustunnar eru í sýslunni með aðferðum aðfanga- og afurðagreiningar.

Ferðþjónustureikningar

Til að reikna umfang ferðþjónustu á afmörkuðu landsvæði þarf í meginatriðum að beita sömu aðferðum og gert er við gerð ferðþjónustureikninga á landsvísu. Það er hins vegar nokkrum vandkvæðum bundið þar sem ekki er alltaf ljóst hvar þjónustukaup ferðamanna eiga sér stað auk þess sem stærri rekstraraðilar í ferðþjónustu geta verið með starfsstöðvar víða um landið en einn ársreikning. Það veldur því að ekki er hægt að nota opinberar tölur án þess að aðlaga þær staðháttum í einhverjum tilvikum. Gagnaöflun mun því að mestu leyti fara fram með viðtölum við rekstraraðila í Þingeyjarsýslu og ársreikningagreiningu.

Atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands – ISAT 2008

Til grundvallar ársreikningagreiningu þarf að ná utan um starfsemi lögaðila. Hagstofa Íslands og Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra hafa frá 1. janúar 2008 flokkað atvinnugreinar eftir ISAT 2008 kerfinu sem byggt er á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE Rev. 2) og gildir í öllum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (Hagstofa Íslands, 2009). Hver atvinnugrein hefur sérstakt ISAT2008 númer hjá Hagstofu Íslands sem er fyrirfram skilgreint og staðsett í ferðþjónustureikningum í IRTS 2008 (United Nations, 2010a). Út frá þessari flokkun er fyrirtækjunum stillt upp í töflum eftir því hvaða atvinnugrein þau tilheyra. Í töflu 3 hér að framan má sjá yfirlit yfir hvernig Hagstofa Íslands flokkar helstu ferðþjónustuatvinnugreinar og tengdar greinar eftir vægi ferðþjónustu í rekstri þeirra.

Listi ferðþjónustufyrirtækja í Þingeyjarsýslu var útbúinn með þeim hætti að keyrð var út fyrirtækjaskrá hjá Credit Info með öllum skráðum lögaðilum og einstaklingum með vsk númer í Þingeyjarsýslu. Þessi listi var yfirfarinn af starfsmönnum fyrirtækjasviðs hjá Hagstofu Íslands þar sem kennitölur án veltu og launagreiðslna árin 2011 og 2012 voru teknar út. Eftir stóð listi með 401 lögaðila og 382 einstaklingum. Þessum aðilum var raðað upp í flokka eftir ISAT2008 atvinnugreinanúmerum.

Ljóst var að inn í þennan lista vantaði fyrirtæki með lögheimili utan Þingeyjarsýslu en starfsemi innan sýslunnar. Til þess að taka ferðþjónustuaðila með lögheimili utan Þingeyjarsýslu inn í útreikningana var prentaður út sérstakur listi með veitinga- og gistileyfum á rannsóknarsvæðinu af vef ríkislögreglustjóra auk leyfislista Ferðamálastofu fyrir ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur. Einnig voru allir rekstrar- og þjónustuaðilar á svæðinu sem skráðir voru hjá Markaðsstofu Norðurlands og Atvinnuþróunarafélagi Þingeyinga taldir með.

Þar sem rannsóknin einskorðast við rekstrarárið 2013 verða ferðþjónustuaðilar heimsóttir þegar rekstrartölur ársins 2013 liggja fyrir. Velta verður skráð eftir tegund þjónustu sbr. töflu 3 hér að framan. Fjöldi starfsmanna og stöðugilda verður kannaður auk þess sem hlutfall veltu sem tilkomin er vegna ferðþjónustu verður metin af ferðþjónustufyrirtækjunum sem og tengdum aðilum. Þessi þáttur rannsóknarinnar snýr þannig að beinum áhrifum ferðþjónustu. Leitast verður hinsvegar við

að endurspeglar heildaráhrif ferðaþjónustu á svæðinu. Með heildaráhrifum er átt við bein, óbein og afleidd áhrif (sjá mynd 8).

Bein, óbein og afleidd áhrif ferðaþjónustu

Bein áhrif


Aðferðir við gerð ferðaþjónustureikninga einskorðast við bein efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu á svæðinu, þ.e. áhrif sem eru tilkomin vegna tekna eða starfa sem skapast vegna ferðaþjónustu. (Cooper, 2012; Hagstofa Íslands, 2008; Oxford Economics, 2012; United Nations, 2010b).

Óbein áhrif

Þegar óbein áhrif eru metin er horft til þess hvernig beinum tekjum vegna ferðamanna er eytt aftur á svæðinu við aðfanga- og þjónustukaup sem skapa tekjur utan ferðaþjónustu (Cooper, Fletcher, Fyall, Gilbert, & Wanhill, 2008). Einnig getur verið um að ræða fjárfestingar í ferðaþjónustu s.s. byggingu húsnæðis, sem og samneyslu hins opinbera s.s. ýmsar samgöngur, markaðsmál, öryggismál o.fl. (World Travel and Tourism Council, 2013). Þetta skapar ákveðin margföldunaráhrif sem erfitt getur verið að leggja mat á og verður lýst betur síðar.

Afleidd áhrif

Afleiddu áhrifin eru tilkomin vegna beinna og óbeinna áhrifa og skapast þegar tekjur vegna ferðaþjónustu valda aukningu í eftirspurn og neyslu sem kallar á aukið vinnuafli sem síðan eykur tekjur heimilanna og þar af leiðandi neyslu og svo koll af kolli (Cooper o.fl., 2008; Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2004). Þessu ferli er lýst á mynd 8.



Mynd 8: Heildaráhrif ferðaþjónustu á þjóðarbúskapinn.

Heimild: World Travel and Tourism Council, 2013, bls. 2.

Aðfanga- og afurðagreining

Við mat á óbeinum og afleiddum áhrifum ferðapjónustu verður notast við aðferðir aðfanga- og afurðagreiningar (e. *input-output analysis*). Þessi aðferð hefur verið notuð töluvert lengi í rannsóknum á ferðapjónustu og stundum er sagt að hún lýsi ferðalagi vöru í gegnum svæði eða hagkerfi (Frechtling & Horváth, 1999; Zhou o.fl., 1997; Wagner, 1997). Aðferðin felur í sér skoðun á innbyrðis tengslum atvinnugreina á afmörkuðu svæði og hvernig afurð einnar atvinnugreinar getur verið aðföng annarrar atvinnugreinar (United Nations, 2010b). Gert er ráð fyrir að hver atvinnugrein framleiði það sem þarf til að fullnægja eftirspurn annarra atvinnugreina til viðbótar við einkaneyslu, samneyslu, fjárfestingar og útflutning. Heildarvirði afurða atvinnugreinarinnar á að jafngilda virði aðfanga sem keypt eru af öðrum atvinnugreinum á svæðinu að viðbættum launagreiðslum, hagnaði, skatti og öðrum aðföngum sem fengin eru með innflutningi inn á svæðið (Briassoulis, 1991). Í aðfanga- og afurðatöflum er ferðapjónusta ekki sérstaklega skilgreind sem atvinnugrein frekar en í öðrum hagskýrslum (Cai, Leung, & Mak, 2006). Í eðli sínu er aðfanga- og afurðagreining því bæði flókin og víðfeðm og krefst mikillar nákvæmni og fjölda gagna sem sjaldnast eru til á smærri svæðum (Archer, 1996; Vífill Karlsson, 2007).

Aðferðin er ekki gallalaus og hefur m.a. verið gagnrýnd fyrir að einfalda umhverfið um of t.d. með því að gera ráð fyrir að vinnuafl, fjármagn og land sem notað er í ferðapjónustu geti ekki verið notað af öðrum atvinnugreinum á sama tíma (Dwyer, Forsyth & Spurr, 2004).

Hér á landi er ekki til tölfræði sem hægt er að byggja aðfanga- og afurðagreiningu á. Gagnaöflun rannsóknarinnar fer því fram gegnum viðtöl og með ársreikningagreiningu rekstraraðila. Rekstraraðilar áætla hversu hátt hlutfall aðfangakaupa á sér stað innan Þingeyjarsýslu og hversu mikið er flutt inn á svæðið annars staðar frá. Út frá þeim upplýsingum verður hægt að leggja mat á leka af svæðinu. Þar að auki er hlutfall ferðapjónustu í veltu fyrirtækja sem hvorki teljast til einkennandi eða tengdra ferðapjónustufyrirtækja kannað. Dæmi um slík fyrirtæki eru ýmis iðnaðar- og þjónustufyrirtæki, s.s. rafvirkjaþjónusta, pípulagnir eða trésmíði.

Neyslukönnun meðal starfsmanna ferðapjónustufyrirtækja

Hluti af mati á heildaráhrifum eru hin afleiddu áhrif sem snúa að neyslu starfsfólks sem hefur tekjur af ferðapjónustu. Könnun meðal starfsmanna ferðapjónustufyrirtækja var framkvæmd sumarið 2013 þar sem neysla þeirra í Þingeyjarsýslu var könnuð, auk starfshlutfalls og lögheimilis. Könnunin byggir í grunninn á rannsókn Hagstofunnar á útgjöldum heimilanna 2009-2011. Þar sem ekki var hægt að framkvæma jafn ítarlega könnun og hjá Hagstofunni var aðeins notast við sömu yfirflokka útgjaldaliða. Síðan voru valdir þjónustubættir, sem gefa möguleika á mati á margfeldisáhrifum, teknir út úr yfirflokkum og metnir sérstaklega. Dæmi um það er þjónusta iðnfyrirtækja sem áður flokkaðist undir húsnæðiskostnað.

Tekjur sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu

Eins og áður sagði nær rannsóknin til sex sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu: Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar, Norðurþings, Tjörneshrepps, Svalbarðshrepps og Langanesbyggðar. Sérstaklega verður skoðað hvaða tekjur þessi sveitarfélög hafa af ferðapjónustu m.a. í formi fasteignagjalda og hafnargjalda ferðapjónustufyrirtækja sem og útsvarsgreiðslna starfsmanna þeirra.

Ruðningsáhrif

Að lokum og sem liður í mati heildaráhrifa ferðaþjónustu verður kannað hvort ferðaþjónusta hafi í för með sér einhvers konar ruðningsáhrif á svæðinu. Í viðtölum við rekstraraðila verður sérstaklega spurt út í þann þátt og m.a. kannað hvort starfsfólk hætti sérstaklega störfum í öðrum atvinnugreinum fyrir ferðaþjónustu til að meta möguleg áhrif í samfélaginu og hagkerfinu.

Afangar og árekstrar

Fram til þessa hefur verkefnið að mestu leyti snúist um greiningu fyrirbyggjandi gagna og framkvæmd tveggja spurningakannana um ferðavenjur og ferðaneyslu erlendra ferðamanna í Mývatnssveit og á Húsavík.

Töluverð vinna hefur legið í að útfæra aðferðafræði ferðaþjónustureikninga á afmörkuðu svæði á landsbyggðinni. Ferðaþjónustureikningar byggja að hluta til á gögnum og upplýsingum sem sóttar eru beint í uppruna- og ráðstöfunartöflur þjóðhagsreikninga en óhjákvæmilegt er að afla frekari gagna með öðrum hætti eins og fram hefur komið (United Nations, 2010b). Hagstofan hefur við gerð ferðaþjónustureikninganna til að mynda sótt upplýsingar í staðgreiðsluskrár Ríkisskattstjóra, samræmd skattframtöl rekstraraðila, rannsóknir Hagstofunnar á útgjöldum heimilanna, virðisaukaskattskýrslur, kannanir á ferðavenjum erlendra ferðamanna á Íslandi, ferðamannatalningar Ferðamálastofu, gistináttaskýrslur Hagstofunnar og erlenda greiðslukortaveltu héraðs svo eitthvað sé nefnt (Hagstofa Íslands, 2008). Fæst þessara gagna eru fáanleg með sundurliðun niður á landshluta. Fyrir því liggja ýmsar ástæður, s.s. hætta á að upplýsingarnar séu beinlínis rangar þar sem fyrirtæki geta verið með starfsstöðvar víða um land en skráð lögheimili annars staðar þar sem velja þeirra og skattgreiðslur eru gefnar upp. Önnur ástæða er hætta á rekjanleika, en Hagstofan vinnur eftir upplýsingalögum og lögum um persónuvernd og getur þar af leiðandi ekki sundurliðað gögnin eftir smærri svæðum. Varðandi veltu greiðslukorta, þá hefur Hagstofan ekki heimild til að breyta eða vinna upplýsingar um kortaveltu fyrir þriðja aðila vegna sammings við kortafyrirtækin.

Tekist hefur að afla upplýsinga um fjölda gistingu hjá í Þingeyjarsýslu hjá Hagstofunni, auk þess sem unnin var skýrsla um fjölda ferðamanna í sýslunni. Önnur gögn flokkast sem frumgögn og þeirra verður aflað með viðtölum á árinu 2014.

Lokaorð

Í þessu verkefni er fólgin töluverð áskorun í að aðlaga rannsóknaraðferðina að staðbundnu hagkerfi Þingeyjarsýslu. Sambærileg rannsókn hefur ekki verið framkvæmd áður á íslenskri ferðaþjónustu og því er óhjákvæmilegt að hindranir verði á veginum. Þær hafa hingað til helst snúið að gagnaöflun og falist í því að opinberar upplýsingar sem og rannsóknir til grundvallar hagskýrslugerð í ferðaþjónustu eru af skornum skammti og illmögulegt að fá hagtölur sundurliðaðar niður á svæði. Með góðu samstarfi við rekstraraðila eru vonir bundnar við að ná fullnægjandi upplýsingum til að byggja rannsóknina á og að niðurstaðan geti gefið mynd af ferðaþjónustuhagkerfi Þingeyjarsýslu með vísbendingum um sjálfbærni þess, tengslum við önnur fyrirtæki og stofnanir svæðisins sem og mati um efnahagsleg áhrif þess á svæðinu. Væntingar eru um að vörður þessa verkefnis leiði til niðurstöðu sem nýtist við framtíðarskipulag í rannsóknum á ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

Heimildir

- Andri Valur Ívarsson og Óli Halldórsson. (2011). *Fjölgar kreppan krónum? Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu á Húsavík við breyttar samfélagsaðstæður*. Húsavík: Þekkingarnet Þingeyinga.
- Archer, B. H. (1996). Economic impact analysis. *Annals of Tourism Research*, 23(3), bls. 704-707.
- Arion banki. (2012) *Íslensk ferðaþjónusta á afslætti?* Sótt 15. ágúst 2013 frá: http://www.arionbanki.is/library/Skrar/Greiningar/onnur-efnahagsmal/250612_ferdam.pdf
- Arion banki. (2013). *Ferðaþjónustan: Atvinnugrein á unglingsaldri*. Sótt 15. ágúst 2013 frá: [http://www.arionbanki.is/library/Skrar/Greiningar/Markadspunktar-/Ferðaþjónusta_Atvinnugrein%20á%20unglingsaldri%20-%20Copy%20\(2\).pdf](http://www.arionbanki.is/library/Skrar/Greiningar/Markadspunktar-/Ferðaþjónusta_Atvinnugrein%20á%20unglingsaldri%20-%20Copy%20(2).pdf)
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2013). *Skýrsla atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra um stöðu ferðaþjónustunnar*. Sótt 14. apríl 2013 frá: <http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/Skyrsla-Atvinnuvega--og-nyskopunarradherra.pdf>
- Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga. (2008). *Stefnumótun í ferðaþjónustu á Norðausturlandi: Áætlun til fimm ára 2009-2014*. Húsavík: Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.
- Ásgeir Jónsson. (2004). Að græða á gestakomum: Þjóðhagslegur ábati ferðaþjónustu og hlutverk ríkisins. *Landabréfið*, 20(1), 51-67.
- Ásgeir Jónsson, Njáll Trausti Friðbertsson og Þórhallur Ásbjörnsson. (2006). *Hagræn áhrif ferðaþjónustu - greint eftir svæðum á Íslandi*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála, 1-53.
- Briassoulis, H. (1991). Methodological issues: Tourism input-output analysis. *Annals of Tourism Research*, 18, 485-495.
- Byggðastofnun. (2009). *Byggðapróun: Ástand og horfur*. Sótt 20. ágúst 2013 frá: http://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdaaetlun1013/Fylgirit_Byggdaaetlunar_11.09.pdf
- Byggðastofnun. (2012). *Sóknaráætlun Norðurlands eystra: Stöðugreining 2012*. Sótt 14. ágúst 2013 frá: http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Soknaraaetlun/Soknaraaetlun_Nordurlands_eystra_2012.pdf
- Cai, J., Leung, P., & Mak, J. (2006). Tourism's Forward and Backward Linkages. *Journal of Travel Research*, 45, 36-52.
- Cooper, C. (2012). *Essentials of Tourism*. London: Prentice Hall.
- Cooper, C., Fletcher, J., Fyall, A., Gilbert, D., & Wanhill, S. (2008). *Tourism: Principles and Practice* (4 útg.). Essex: Prentice Hall.
- Dwyer, L., Forsyth, P., & Spurr, R. (2004). Evaluating tourism's economic effects: new and old approaches. *Tourism management*, 25(3), 307-317.
- Eyþing. (e.d.). Eyþing. Sótt 28. ágúst 2013 frá: <http://eything.is/hvad.php>
- Edward H. Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson. (2013). *Ferðamál á Íslandi*. Reykjavík: Mál og Menning.
- Edward H. Huijbens og Jón Gestur Helgason. (2011a). *Hagvísar í ferðaþjónustu: Gjaldeyrstekjur - ferðaneysla*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Edward H. Huijbens og Jón Gestur Helgason. (2011b). *Millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Könnun meðal brottfararfarþega hjá Iceland Express sumarið 2011*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eurostat. (2011). *Tourism Satellite Accounts (TSA) in Europe*. Luxembourg: Publications Office of the European Union.
- Eyrún J. Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens. (2012). *Millilandaflug um Akureyrarflugvöll: Könnun meðal brottfararfarþega sumarið 2012*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

- Eyrún J. Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens. (2011). *Millilandaflug um Akureyrarflugvöll: Könnun meðal brottfararfarþega Iceland Express sumarið 2010*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún J. Bjarnadóttir og Jón Gestur Helgason. (2010). *Millilandaflug um Akureyrarflugvöll: Könnun meðal brottfararfarþega Iceland Express sumarið 2009*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Ferðamálaráð Íslands. (2002). *Auðlindin Ísland: Ferðaþjónustusvæði*. Sótt 18. ágúst 2013 frá: http://www.ferdamalastofa.is/static/files-/upload/files/audlindin_e.pdf
- Ferðamálastofa. (2011). *Ferðamálaáætlun 2011-2020*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Ferðamálastofa. (2013). *Dörfín fyrir rannsóknir í íslenskri ferðaþjónustu: Greining Hagsmunaaðila*. Sótt 5. nóvember 2013 frá: http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/tolur_utgafur/Skyrslur/lokaskjal-16.pdf
- Ferðamálastofa. (e.d.). *Fjöldi ferðamanna: Heildarfjöldi erlendra gesta 1949-2012*. Sótt 15. október 2013 frá: <http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna>
- Frechtling, D. C. (2010). The tourism satellite account. A primer. *Annals of Tourism Research*, 37(1), 136-153.
- Frechtling, D., & Smeral, E. (2010). Measuring and Interpreting the Economic Impact of Tourism: 20/20 Hindsight and Foresight. Í D. G. Pearce, & R. W. Butler (Ritstj.) *Tourism Research: A 20-20 Vision*, Oxford: Goodfellow Publishing, bls. 67-79.
- Frechtling, D. C., & Horváth, E. (1999). Estimating the multiplier effects of tourism expenditure on a local economy through a regional input-output model. *Journal of Travel Research*, 37, 324-332.
- Frenç, C. (2013). *The Economic Benefits of Tourism in Iceland: Boosting the Icelandic Tourism Satellite Account Development - Icelandic Tourism Satellite Account (TSA) – A Conformity Assessment with United Nations standards for TSA – Part I*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Gunnar Þór Jóhannesson. (2012). Tími til að tengja? Af stefnumótun í ferðaþjónustu á Íslandi. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 8(1), 173-193.
- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. (2004). *Flug- og ferðaþjónusta á Íslandi: Umfjöllun í tilefni af beiðni Ryanair um lækkun gjalda á Keflavíkurflugvelli*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. (2004). *Lax- og silungsvæði á Íslandi. Efnahagsleg áhrif*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. (2006). *Áhrif raungengis á ferðaþjónustu*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. (2011). *Áhrif tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu á komur erlendra ferðamanna*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. (2012). *Áhrif þess að hækka virðisaukaskatt á gistiþjónustu*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Hagstofa Íslands. (2008). Ferðaþjónustureikningar 2000-2006. *Hagtíðindi: Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni*, 93(59), 1-44.
- Hagstofa Íslands. (2009). *ISAT2008. Íslensk atvinnugreinaflokkun*. Sótt 3. maí 2013 frá: <http://www.hagstofa.is/Pages/1830>
- Hagstofa Íslands. (2010). Ferðaþjónustureikningar 2000-2008. *Hagtíðindi: Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni*, 95(71), 1-32.
- Hagstofa Íslands. (2011). Ferðaþjónustureikningar 2009-2011. *Hagtíðindi: Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni*, 96(66), 1-28.
- Hagstofa Íslands. (2013a). Gistiskýrslur 2012. *Hagtíðindi: Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni*, 98(11) 1-24.
- Hagstofa Íslands. (2013b). Þjóðhagsreikningar. Þjóðhagsspá, sumar 2013. *Hagtíðindi*, 98(24) 1-20.

- Hagstofa Íslands. (e.d.a). *Gistinætur, gestakomur og meðaldvalarlengd á öllum tegundum gististaða 1998-2012*. Sótt 12. maí 2013 frá: <http://hagstofa.is/Hagtolar/Ferdamal-samgongur-UT/Ferdathjonusta>
- Hagstofa Íslands. (e.d.b). *Gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum 1969-2008*. Sótt 2. september 2013 frá: <http://hagstofa.is/Hagtolar/Ferdamal-samgongur-UT/Ferdathjonusta>
- Hagstofa Íslands. (e.d.c). *Helstu liðir útflutnings vöru og þjónustu 2009-2013*. Sótt 2. september 2013 frá: <http://hagstofa.is/pages/2271>
- Hagstofa Íslands. (e.d.d). *Útflutningur eftir vöruflokkum (Hagstofuflokkun)*. Sótt 2. september 2013 frá: <http://hagstofa.is/Hagtolar/Utanrikisverslun/Utflutningur>
- Jones, C., Munday, M., & Roberts, A. (2003). Regional tourism satellite accounts: A useful policy tool? *Urban Studies*, 40(13), 2776-2794.
- Jóhannesson, G. Þ., Huijbens, E., & Sharpley, R. (2010). Icelandic tourism: Opportunities and threats. *Tourism Geographies*, 12(2), 278-301.
- Jón Þorvaldur Heiðarsson og Stefán Sigurðsson. (2010). *Efnahagsleg áhrif skotveiða á Íslandi*. Í I. Hannibalsson (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum XI*. Reykjavík: Félags-vísindadeild Háskóla Íslands, bls. 1-10.
- Kjördæmaskipan 1959-1999*. (e.d.). Sótt 4. september 2013 frá: <http://althingi.is/vefur/gamlakjordam.html>.
- Landmælingar Íslands. (2013). *Einföld kort*. Sótt 14. apríl 2013 frá: <http://www.lmi.is/wp-content/uploads/2013/10/heradsdomsstolar.pdf>
- Landsbankinn. (2013). *Ferðaþjónusta á Íslandi: Greining Hagfræðideildar Landsbankans*. Sótt 14. apríl 2013 frá: <http://www.landsbankinn.is/uploads/documents/frettir/Ferdathjonusta-a-Islandi-Greining.pdf>
- Landsbankinn. (2012). *Ferðaþjónusta á Íslandi: Þróun fjárfestingar og reksturs*. Sótt 1. febrúar 2013 frá: http://www.landsbankinn.is/library/Documents/Hagfraedideild/Serrit/LB_Ferdathjonusta_Skyrsla_netid.pdf
- Margrét Hólm Valsdóttir. (2011). *Hvað finnst Mývetningum um ferðaþjónustu?*. Óbirt BS-ritgerð: Háskólinn á Akureyri. Viðskipta- og raunvísindasvið.
- Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young. (2011). *Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina*. Sótt 10. desember 2013 af: http://www.uton.is/wp-content/uploads/2011/05/Kortlagning_2011.pdf
- Oxford Economics. (2012). *Methodology for producing the 2012 WTTC / Oxford Economics Travel & Tourism Economic Impact Research*. Oxford: Oxford Economics.
- Óli Halldórsson. (ritstjóri). (2013). *Mannfjöldapróun á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga*. Húsavík: Þekkingarnet Þingeyinga.
- Ómar Harðarson og Jörunn Íris Sindradóttir. (2012). *Íslensk hagskýrslusvæði á hérðasstjórnarstigi*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Rannsóknamiðstöð ferðamála. (2012). *Verkefni styrkt af verkefnasjóði RMF 2012-2015. Stutt lýsing á markmiðum og tilgangi hvers verkefnis*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála, 1-31.
- Rannveig Guðmundsdóttir og Andri Valur Ívarsson (2008). *Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu á Húsavík: Tilkoma hvalaskoðunar*. Húsavík: Þekkingarnet Þingeyinga.
- Rósbjörg Jónsdóttir. (ritstjóri). (2013). *Kortlagning og samstarfsmótun íslenskrar ferðaþjónustu: Virðisauki í ferðaþjónustu*. Reykjavík: Gekon.
- Samgönguráðuneytið. (2005). *Ferðamálaáætlun 2006-2015*. Sótt 09. október 2012 frá: http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrsla/Ferdamalaatlun_2006-2015_LOKA_03_2005.pdf
- Samgönguráðuneytið. (2007). *Samanburður á rekstrarumhverfi ferðaþjónustu á Íslandi, Noregi, Svíþjóð og Danmörku*. Reykjavík: Samgönguráðuneytið, 1-35. Sótt 14. apríl 2013 af:

- http://www.ferdamalastofa.is/static/files/upload/files/Samanb%20rekstrarumhv%20i%20fer%20_3_.pdf
- Samtök ferðapjónustunnar. (2012). *Ársskýrsla 2011-2012*. Sótt 3. maí 2013 frá:
http://www.saf.is/wp-content/uploads/2013/04/files/a_dofinni/adalfundur_2012/saf_2012_net.pdf
- Smeral, E. (2006). Tourism Satellite Accounts: A Critical Assessment. *Journal of Travel Research*, 45, 92-98.
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). Sveitarfélög. Sótt 4. september 2013 frá:
<http://www.samband.is/sveitarfelogin/>
- Stefán Sigurðsson. (2012). *The economic impact of hunting reindeer in East Iceland*. Í I. Hannibalsson (ritstj.) Rannsóknir í Félagsvísindum XIII. Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, bls. 1-14.
- Sýslumannavefurinn. (e.d.). *Embætti sýslumanna*. Sótt 2. september 2013 frá:
<http://www.syslumenn.is/syslumenn/>
- The Boston Consulting Group. (2013). *Northern Sights: The future of tourism in Iceland*. Boston: The Boston Consulting Group.
- Torfi Jóhannesson. (2009). *Hagvísir Vesturlands: Staða ferðapjónustu á Vesturlandi*. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Sótt 4. apríl 2013 af: http://www.ssv.is/files/Skra_0035913.pdf
- United Nations. (2010a). *The conceptual framework for tourism statistics - International Recommendations for Tourism Statistics 2008*. New York: United Nations Publication
- United Nations. (2010b). *Tourism satellite account: Recommended methodological framework 2008*. Luxemburg: United Nations Publication.
- Vífill Karlsson. (2007). Staðbundin margfeldisáhrif: Yfirlit kenninga og rannsókna. *Tímarit um félagsvísindi*, 1, 56-71.
- Wagner, J. E. (1997). Estimating the economic impact of tourism. *Annals of Tourism Research*, 24(3), 592-608.
- World Tourism Organisation. (2013). *UNWTO Highlights. 2013 Edition*. Madrid: UNWTO.
- World Travel and Tourism Council. (2013). *Travel & Tourism: Economic impact 2013: Iceland*. London: World Travel and Tourism Council.
- Zhou, D., Yanagida, J. F., Chakravorty, U., & Leung, P. (1997). Estimating economic impacts from tourism. *Annals of Tourism Research*, 24(1), 76-89.



**RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA**

NÓVEMBER 2013